

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 frá 16. maí 1974, um gatnagerðargjöld.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8 frá 13. mars 1974.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Rétt til að stunda hjúkrun og kalla sig hjúkrunarfræðing hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi ráðherra.

Þeim sem þess óska fremur skal heimilt að nota starfsheitin hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður.

2. gr.

Greinar laganna nr. 2—7 breytast þannig, að þar sem orðin hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður koma fyrir skal nú standa hjúkrunarfræðingur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 22. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.